

FRÆGÐ EINSTEINS

I

Albert Einstein mun vera sá vísindamaður samtíðarinnar, sem langoftast er nefndur, og af mörgum talinn langfremstur, og af sumum jafnvel mesti vitsnillingur, sem nokkurn tíma hafi uppi verið. Það var aðeins einn maður, sem gat keppt við hann, og af sumum var talinn jafnvel ennþá fremri, læknirinn og draumafræðingurinn Sigmund Freud, Gyðingur eins og Einstein. Þessi stórkostlega frægð Einsteins er eitt af hinum dularfullu táknum þessara tíma. Það er viðurkennt, að einungis örfáir menn muni hafa þá þekkingu í stærðfræði, sem þarf til að geta dæmt um hvað það er, sem Einstein hefir eiginlega gert; eða með öðrum orðum: það eru aðeins örfáir menn, sem geta átt álit sitt á honum undir eigin mati. Og þó eru, að því er segir í bók um Einstein, sem ég leit í, víða um lönd menn allra stéttu, frá þjónum upp í þjóðhöfðingja, sem votta honum virðingu sína, vinsemd og þjónustusemi. Og má til marks um það hafa það, sem segir í grein um Einstein í „Tímanum“, að yfirmaðurinn á einu af hinum stórkostlegu farþegaskipum, sem fara milli Evrópu og Ameríku, hafi boðið honum bestu salkynnin, sem á því skipi var að hafa; en það er óefað ekki rétt að hafa orðið „klefi“ um þesskonar farbúðir.

II

Frægð Einsteins er árangurinn af því, hve mjög hefir verið um hann skrifað og af hve mikilli hrifni, og er það svo sem auðvitað, að enginn verður ágætur af engu, og að eitthvað þarf að vera til að skrifa um. En þó hlýtur hverjum þeim, sem ekki er alveg ókunnugur sögu vísindanna, að virðast þessi mikla frægð dálitið tortryggileg. Því að vanalega hefir

verið svo, að einmitt þeir, sem hugsað höfðu hinar stærstu hugsanir og gert hinar stærstu uppgötvanir, hafa haft meira að segja af sljóleika og jafnvel hatri og ofsknum, en atlæti slíku, sem Einstein hefir mætt.

Höfundur hinnar þyddu greinar í „Tímanum“ segir „Mér virðist Einstein vera hamingjusamur maður. Mér finnst mun meira til um heimspeki hamingju hans en afstæðiskenningu hans. Það (þ. e. heimspeki hamingju hans) tel ég frábæra heimspeki. Hann kveðst vera hamingjusamur sökum þess, að hann væntir sér einskis af öðrum. Hann væntir sér eigi fjár, nafnbóta né lofs. Hann unir sér við það að rækja störf sín, leika á fiðlu sína og sigla báti sínum.“

Það er óneitanlega meir en lítið gaman að svona „heimspeki“. Einstein hefir verið lofaður meir en nokkur vísindamaður annar. Ég efast ekki um að hann segir það satt, að löngun í lof spilli ekki lífi hans. Og heldur ekki nafnbætur. Háskólar og hverskyns vísindastofnanir hafa keppst um að biðja hann að biggja slíkt af tagi, sem þar er kostur á. Og ekki síður skiljanlegt er það, að fjárskortur sé honum ekki til ama.

En ótrúlegt er það um mikinn vitring, ef honum kemur ekki einhverntíma í hug, að þessi hamingjusemi hans, sem byggist á því að hann væntir sér einskis af öðrum, kunni þó að standa í nokkru sambandi við einmitt það, hversu með ólíkindum mikið hann hefir þegið af öðrum.

Sept. 1942